

Umsögn frá blóðgjafarbændum um þingmál 543, frumvarp til breytinga á lögum um velferð dýra nr. 55 frá 2013.

Frumvarpið sem um ræðir snýst í raun og veru um að banna eina búgrein umfram aðrar. Og það búgrein sem hefur vaxið á undanförunum árum og nýtur engra opinberra styrkja.

Stjórn félagsins Í-ess bændur skorar á Ingu Sæland og meðflutningsmenn hennar að draga frumvarpið um bann við blóðhryssuhaldi til baka þegar í stað. Ekkert þeirra hafði samband við okkur til að kynna sér málið eða afla réttra upplýsinga áður en frumvarpið var samið.

Félagsmenn Í-ess bændur eiga það sammerkt að halda hryssur til blóðgjafa og til framleiðslu folaldakjöts. Velferð hryssanna okkar er í fullu samræmi við, og síst verri, en það sem tíðkast í öðrum búskap á Íslandi.

Ljóst er að einhver önnur sjónarmið en aukin dýravelferð réðu för við smíði þess og framlagningu. Verði frumvarpið samþykkt sem lög myndi það kippa fótunum undan afkomu allra okkar félagsmanna og í einhverjum tilfellum vera líklegt til að valda félagslegri neyð og brottflutningi úr sveitum.

Við, bændurnir sem höldum merar til blóðgjafar, teljum okkur vera góða bændur og dýravini. Framganga þeirra sem að þessu frumvarpi standa er til háborinnar skammar og skorum við á það fólk að sjá sóma sinn í að draga frumvarpið til baka á Alþingi umsvifalaust og fella það.

Hvolsvöllur 30. mars 2021.

Stjórn Í-ess bænda.

Kt. 700804-3050.

Halla Bjarnadóttir

Sigurður Óli Sveinbjörnsson

Ólafur Þórisson